

---

## REGLUGERÐ KLÍ UM MEISTARAKEPPNI

---

### 1. grein

Í upphafi hvers keppnistímabils skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara liða og Bikarmeistara liða, bæði í karla- og kvennaflokki. Leikurinn skal fara fram áður en Íslandsmót liða hefst. Sé sama lið bæði Íslands- og Bikarmeistari skal það leika gegn því liði sem varð í öðru sæti í Bikarkeppninni.

### 2. grein

Leiknir skulu þrír leikir og skal leikið upp á heildarskor. Verði jafnt að lokinni þriggja leikja seríu skal hver leikmaður sem lék síðasta leik kasta eitt upphafskast og ræður samtala úrslitum. Ef enn er jafnt bætist við eitt upphafskast þar til úrslit liggja fyrir.

### 3. grein

Frestun er ekki tekin til greina. Ef lið getur ekki mætt skal bjóða öðru liði að keppa:

Íslandsmeistarar liða

Bikarmeistarar liða

Silfurhafar í Bikarkeppni liða

Silfurhafar í Íslandsmóti deildarliða í 1. deild.

### 4. grein

Mótanefnd KLÍ sér um framkvæmd leiksins.

Hann skal haldinn á kostnað KLÍ, sem einnig útvegar verðlaun.

*Breytt á þingi KLÍ 26. apríl 1997  
Breytt á formannafundi KLÍ 16. apríl 2015*